



## Stjórn SSH 386. fundur

**Mánudaginn 11. febrúar 2013** kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson og Guðný Ívarsdóttir.

Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH sat einnig fundinn  
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Fjölsmiðjan – endurnýjun þjónustusamnings.

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Þorbjörn Jensson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar og Gissur Pétursson stjórnarmaður í Fjölsmiðjunni.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna vinnu við mótun nýs þjónustusamnings milli aðildarsveitarfélaga SSH og Fjölsmiðjunnar. Drög að samningi lágu einnig fyrir á fundinum.

Umræður

Gissur og Þorbjörn gerðu í upphafi grein fyrir helstu þáttum í samstarfi Fjölsmiðjunnar og aðildarsveitarfélaganna, sem og tekjum og rekstri hennar.

PG gerði grein fyrir fyrirbyggjandi samningsdrögum og þeim breytingum sem lagðar eru þar til á eldri samningi á milli aðila. Bent var á að taka þurfi afstöðu til áður fram komins erindis Fjölsmiðjunnar um hækkun á árlegu almennu rekstrarframlagi aðildarsveitarfélaganna.

Gissur og Þorbjörn véku af fundi.

### Niðurstaða:

Stjórn SSH telur að fyrir þurfi að liggja greining á rekstri Fjölsmiðjunnar, afkomu og fjárþörf áður en tekin verður afstaða til erindis Fjölsmiðjunnar um hækkun á almennu rekstrarframlagi aðildarsveitarfélaganna.

Framkvæmdastjóra var falið að afla þeirra gagna sem þörf er á og taka saman yfirlit yfir rekstur og afkomu Fjölsmiðjunnar undanfarin ár.



## 2. Sóknaráætlun 2013 fyrir höfuðborgarsvæðið.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna vinnu framtíðarhóps SSH við mótun verkefnatillögu vegna sóknaráætlunar 2013 fyrir höfuðborgarsvæðið.

Formaður framtíðarhóps SSH, Dagur B. Eggertsson fór yfir fyrirbyggjandi tillögur hópsins, skýrði meginforsendur og tillögu hópsins um ráðstöfun þeirra 76 m. króna sem höfuðborgarsvæðinu er ætlað til verkefnavinnu vegna sóknaráætlunar á árinu 2013.

Umræður

### Niðurstaða

Stjórn SSH er sammála þeim megináherslum sem fram koma í tillögum framtíðarhópsins og samþykkir að framtíðarhópurinn móti endanlega tillögu til stýrinets sóknaráætlana á þeim grunni. Jafnframt var samþykkt að boða til sérstaks fundar með fulltrúaráði SSH til kynningar á tillögunni áður en framtíðarhópurinn gengur endanlega frá henni til stýrinets sóknaráætlana.

## 3. Málefni Sorpu bs.

Fyrir fundinum undir þessum lið lágu eftirfarandi mál:

- a) Úrskurður Samkeppniseftirlitsins frá 21. desember 2012 vegna ólögmatra afsláttarkjara Sorpu bs.
- b) Minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu bs. vegna mótunar samstarfssamnings milli byggðasamlagsins og Endurvinnslunar um móttöku á skilaskyldum drykkjarvöruumbúðum.
- c) Minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu bs. og framkvæmdastjóra Sorpstöðvar Suðurlands bs. vegna stöðu vinnu þeirra við gagnaöflun og greiningu á mögulegum kostum við aukið samstarf og/eða sameiningu byggðasamlaganna.

PG benti á að öll framangreind mál þarfnist umræðu á eigendavettvangi Sorpu bs, og því sé brýnt að lokið verði sem fyrst við gerð nýrrar eigendastefnu fyrir byggðasamlögin.

### Niðurstaða:

Stjórn SSH leggur áherslu á að framtíðarhópur SSH ljúki sem fyrst þeirri vinnu sem nú er í gangi við mótun eigendastefnu og skilgreiningu eigendavettvangs byggðasamlaganna.

## 4. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri gerði grein fyrir vinnu við undirbúning að endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og yfirstandandi vinnu við að móta nauðsynlegar breytingar á núgildandi svæðisskipulagi til að skapa nauðsynlegt svigrúm fyrir þær breytingar sem fyrirsjáanlega þarf að gera á meðan nýtt svæðisskipulag er í mótun.

## 5. Málefni Strætó bs.

Fyrir fundinum lá erindi frá stjórn Strætó bs. dags. 9. janúar sl. þar sem kynntar eru hugmyndir um mögulegt hraðvagnakerfi ( BRT ) á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SSH telur eðlilegt að málið verði kynnt svæðisskipulagsnefnd og það skoðað í tengslum við endurskoðun svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.



## 6. Önnur mál.

- a) Ásgerður Halldórsdóttir upplýsti um erindi Grindavíkurbæjar vegna Reykjanesfólkvangs, þar sem óskað er eftir viðræðum við aðildarsveitarfélög fólkvangsins og Umhverfisstofnun um slit á fólkvanginum.

Umræður

### **Niðurstaða:**

Stjórn telur nauðsynlegt að SSH fylgist með framvindu máls og felur framkvæmdastjóra að hafa samband við formann stjórnar Reykjanesfólkvangs vegna málsins

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50